Nd. **283. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál. Minni hluta nefndarinnar þykir prósentugjaldið, sem frumvarpið tiltekur, of lágt og telur rjettmætt, að þessar stofnanir rikisins greiði allvernlegt gjald til bæjarins og vill gera breytingu á frumvarpinu i þá átt. Meiri hluti nefndarinnar telur, að þessar stofnanir hafi þá sjerstöðu, að ekki sje unt að bera þær saman við privatfyrirtæki hvað skattálögur til bæjarsjóðs snertir, en getur hinsvegar fallist á, að þær sjeu ekki með öllu undanþegnar gjaldi til bæjarsjóðs Reykjavikur. En það gjald til bæjarins ber að skoða sem greiðslu fyrir þau not, er þessar stofnanir hafa af tækjum og ýmsum athöfnum bæjarins (vegum o. fl.). Og með tilliti til þessa þykir meiri hluta nefndarinnar rjett að fallast á það gjald, er frumvarpið tiltekur (5 %). Nú er að visu svo með verslunarstarfsemi ríkissjóðs, að sumar greinar hennar eru beinlinis reknar í gróðaskyni, t. d. tóbaksverslunin og vinverslunin, en olíuverslunina má aftur telja sem bjargráðaráðstöfun. Sumum kann að virðast sem þær greinar ríkisverslunarinnar, sem reknar eru í gróðaskyni, ættu

að greiða hærra gjald til bæjarins heldur en hinar, sem reknar eru til hagsmuna fyrir almenning (olíuverslunin), en meiri hluti nefndarinnar telur ekki ástæðu til, að farið sje að gera mun á þessu gjaldi af þessum ríkisstofnunum. Komið hefir breytingartillaga (þingskj. 177) um, að gjaldið til bæjarins sje 2 %. En meiri hluti nefndarinnar telur eftir öllum ástæðum þetta gjald helst til lágt sett, og er þess vegna þessari tillögu mótfallinn. Enn fremur vill meiri hluti nefndarinnar láta þess getið, að hann vill ekki að þessar stofnanir ríkisins fari að greiða sjerstakt gjald til annara sveitar- eða bæjarsjóða utan Reykjavíkur, þó Landsverslunin hafi þar útibú. Getur meiri hlutinn að vísu viðurkent, að það væri ekki ósanngjarnt, en álítur hins vegar, að það skifti svo sáralitlu máli fyrir hvern einstakan bæjar- eða sveitarsjóð, að ekki taki að heimila slíka skattálagningu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því eindregið til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 1. apríl 1924.

Jörundur Brynjólfsson, framsögum.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.	Bernh. Stefánsson.